



Eftirlit með merkingum eiturefna og annarra hættulegra efna

*– Eftirlit með lakk- og
málningarvörum ásamt
hreinsiefnum á markaði 2015*



1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Ný reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, svonefnd CLP reglugerð, tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015. Hún innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008. Efni og efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg eiga hér eftir að vera flokkuð og merkt samkvæmt þessari reglugerð.

Hættuleg efni eru föst efni, vökvar eða lofttegundir sem geta valdið skaða á fólki, öðrum lífverum eða umhverfinu. Meðal hættulegra efna eru eitrefni, en það eru lífræn- eða ólífræn efnasambönd sem í nægjanlega stórum skömmtun geta valdið eitrun og jafnvel dauða. Eitrefni geta verið mikilvæg í ýmsum iðnaði og sem dæmi um þau má nefna bílalakk, ýmis smurefni og sterk hreinsiefni. Eitrefni geta verið mjög varasöm og því er nauðsynlegt að hafa virkt eftirlit með þeim.

2. Tilgangur og markmið

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna, en eiturefni falla í þann flokk. Þau eiga að hafa uppfærðar, íslenskar merkingar samkvæmt CLP reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, og öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni. Efni og efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg eiga nú að vera flokkuð og merkt samkvæmt þessari reglugerð, en með henni eru m.a. tekin í notkun ný hættumerki og leysa þau af hólmi eldri hættutákn. Reglugerð nr. 415/2014 innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008.

CLP reglugerðin tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015 og hér eftir skulu bæði hrein efni og efnablöndur vera merkt samkvæmt henni. Undanþága frá CLP merkingum er einungis gerð fyrir efnablöndur sem komnar voru á markað fyrir 1. júní 2015, en þær mega vera í sölu fram til 1. júní 2017.

Markmið þessa eftirlitsverkefnis var að kanna hversu vel væri farið eftir ákvæðum efnalaga og reglugerðar um flokkun og merkingu þegar kemur að markaðssetningu eiturefna og annarra hættulegra efna. Megináhersla var lögð á að merkingar væru uppfærðar og í samræmi við gildandi CLP reglugerð. Í úrtaki voru m.a. lakk- og málningarvörur og ýmis konar hreinsiefni.

3. Framkvæmd

Útbúinn var listi yfir fyrirtæki sem flytja inn eiturefni út frá upplýsingum frá Tollstjóra fyrir árið 2014. Út frá tollgögnunum voru valin í úrtak fjögur fyrirtæki sem markaðssetja eiturefni og fóru starfsmenn Umhverfisstofnunar í eftirlitsferðir til þeirra vorið 2015. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt var hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hefði farið fram. Við eftirlit voru merkingar eiturefna kannaðar, auk þess sem merkingar annarra hættulegra efna voru teknar til skoðunar.

Ljósmyndir voru teknar af merkingum vara í úrtaki og frávík eða athugasemdir voru síðan tekin saman í eftirlitsskýrslu sem var send eftirlitsþega, ásamt bréfi þar sem niðurstöður eftirlitsins komu fram. Þar var einnig greint frá því hvaða reglugerðir gilda um merkingar eiturefna og að samkvæmt efnalögum sé Umhverfisstofnun heimilt að beita tilteknum þvingunarræðum til að knýja á um úrbætur vegna frávika.

Eftirlitsþegar voru eftirfarandi:

- Fossberg
- Framtak-Blossi
- Skipavörur
- Tómstundahúsið

Í kjölfar eftirlitsins var einnig haft samband við Brimborg ehf sem reyndist vera umboðsaðili fyrir hluta af þeim vörum sem lentu í úrtaki. Líkt og hin fyrirtækin fékk Brimborg senda eftirlitsskýrslu og bréf um niðurstöður eftirlitsins. Alls voru því skoðaðar vörur frá fimm fyrirtækjum.

4. Helstu niðurstöður

Í heildina voru skoðaðar 97 vörur og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu 17 upp í 33. Eitt fyrirtæki var frávikalaust, þrjú fyrirtæki voru með skráð frávik og eins og fyrr segir var auk þess haft samband við einn birgja sem er ábyrgðaraðili fyrir vörur sem fengu athugasemdir.

Í eftirlitinu kom í ljós að merkingum var ábótavant í 29 tilvikum. Langoftast voru gerðar athugasemdir vegna þess að varnaðarsetningar og/eða texti við hættumerki voru ekki á íslensku. Í nokkrum tilvikum var innihaldslýsingum á vörum ábótavant, auk þess sem ein vara reyndist innihalda krabbameinsvaldandi efni og því ólögleg á markaði. Eitt fyrirtæki fékk athugasemdir vegna öryggisblaða sem þurfti að uppfæra. Samantekt á frávikum má sjá í töflunum hér að neðan:

Páttur	Fjöldi	Hlutfall
Fyrirtæki í úrtaki	4	
Fyrirtæki án frávíka	1	25%
Fyrirtæki með skráð frávik	3	75%
Birgjar sem haft var samband við	1	

Páttur	Fjöldi	Hlutfall
Vörur í úrtaki	97	
Vörur án frávíka	68	70,1%
Vörur með skráð frávik	29	29,9%

Eftirlitsskýrslur ásamt bréfi með niðurstöðum eftirlits voru sendar fyrirtækjunum, og einnig þeim birgja sem var ábyrgðaraðili fyrir hluta af vörum í úrtaki. Því fyrirtæki þar sem ekki komu fram frávik var jafnframt tilkynnt um málslok. Þegar um var að ræða frávik frá merkingum var eftirlitsþega veittur frestur til að gera athugasemdir við eftirlitið, en bregðast að öðrum kosti við og lagfæra merkingar fyrir 2. september 2015. Lengri frestur var veittur þegar einnig þurfti að uppfæra öryggisblöð, eða fram til 30. október 2015. Í því tilviki þar sem vara reyndist vera ólögleg á markaði var strax tekin ákvörðun um að fjarlægja hana úr verslun og var kvittun vegna förgunar send Umhverfisstofnun því til staðfestingar. Þegar sýnt hafði verið fram á viðeigandi úrbætur við frávikum var fyrirtækjum sent bréf um málslok og að niðurstaða Umhverfisstofnunar væri sú að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að stofnunin gerði ekki frekari athugasemdir að þessu sinni.

Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlitsins voru alla jafna góð. Forsvarsmönnum fyrirtækjanna var almennt umhugað um að merkingar hættulegra efna væru í samræmi við gildandi reglur og sýndu vilja og jákvæðni gagnvart því að bæta úr frávikum. Ljóst er að þörf er á betri kynningu á merkingum hættulegra efna svo fyrirtæki geti verið betur upplýst um skyldur sínar á því sviði.

Öll fyrirtækin hafa nú brugðist við tilmælum Umhverfisstofnunar og sýnt fram á úrbætur á frávikum.

Athygli vakti að lítið var um að búið væri að uppfæra hættumerkingar og taka upp nýju CLP hættumerkin, sem urðu skyldubundin fyrir bæði efni og efnablöndur þann 1. júní 2015. Eftir þann tíma er ekki heimilt að setja nýjar vörur í sölu með gömlum merkingum, heldur einungis að ljúka við að selja eldri birgðir sem eru komnar fram í verslanir. Á þeim tíma sem eftirlitið fór fram var heimilt að nota eldri hættumerki, en mikilvægt er að búið verði að skipta þeim út að fullu fyrir 1. júní 2017.